

STJÓRNMÁL
OG STJÓRNSÝSLA
VEFTÍMARIT

Breytingar á þingskapalögum og eftirlitshlutverk Alþingis

Sturla Böðvarsson,
fyrirverandi forseti Alþingis

2. tbl. 6. árg. 2010
Erindi og greinar



Inngangur

Síðustu misserin hefur Alþingi verið í kastljósi fjölmiðlanna og störf þingmanna og starfshættir verið til skoðunar. Störf stjórnmalámananna og flokka hafa verið harðlega gagnrýnd, en ekki alltaf með sanngjörnum hætti. Í þessari grein mun ég fjalla um breytingar á þingskapalögum og eftirlitshlutverk Alþings. Ég mun eðlilega fjalla um störf þingsins frá sjónarhóli mínum sem fyrrverandi ráðherra í átta ár og varaforseti og forseti Alþings í nærri tíu ár.

Varð þingmaður þegar Alþingi varð ein málstofa

Árið 1991, að afloknum alþingiskosningum, tók ég sæti á Alþingi sem fyrsti þingmaður Vesturlandskjördæmis. Við upphaf þess þings voru gerðar röttækur breytingar á störfum Alþings þegar deildarskipting þingsins var afnumin og þingið varð ein málstofa. Með þessari grundvallarbreytingu á skipulagi Alþings urðu mikil þáttaskil í vinnubrögðum í þinginu. Ég hafði tekið sæti á Alþingi sem varamaður nokkrum sinnum og kynntist því deildaskiptingunni meðan hún var við lýði. Það er mitt mat að þessi breyting hafi verið mjög til bóta. Ég sat samtals í átta ár í forsætisnefnd þingsins sem varaforseti og kynntist því vel kostum og göllum sem blöstu við á skipulagi og starfsháttum þingsins. Á mínu fyrsta kjörtímabili 1991-1995 voru ekki miklar umræður um breytingar eða frekari þróun þingstarfanna. Afnáam deildarskiptingarinnar árið 1991 var talin nægjanlega röttæk breyting svo ekki væri meira lagt undir að svo komnu máli, enda var fengist við miklar breytingar á samfélaginu á vettvangi Alþings og þar reis EES-samningurinn hæst. Það kom í hlut Salóme Þorkelsdóttur sem forseta Alþings að þróa þinghaldið í einni málstofu og fórst henni það verk vel úr hendi.

Þróun breytinga á lögum um þingsköp Alþings

Lögin um þingsköp Alþings eru frá árinu 1991, en þá voru sett ný heildarlög um þingsköp Alþings í kjölfar stjórnarskrárbreytingar um afnáam deildaskiptingar þingsins. Þótt þá yrðu miklar breytingar á skipulagi Alþings urðu í raun litlar efnisbreytingar á þingsköpunum sjálfum. Var um það talað á þeim tíma að það verkefni biði þingmanna að fara í endurskoðun þingskapa þegar nokkur reynsla væri á það komin fyrir þingmenn að starfa í einni deild. Aðeins tveimur árum seinna, árið 1993, var þó fyrsta breytingin gerð en þá náðist samkomulag um að setja tímamörk á ræður við 1. umr. um lagafrumvörp, auk nokkurra annarra atriða, svo sem að afnema svokallaðar þingskapaumræður, sem voru gróflega misnotaðar til efnisumræðna um mál, en taka í staðinn upp annars vegar umræður um störf þingsins og hins vegar umræður um fundarstjórn forseta sem áttu þá að snúast einvörðungu um formsatriði. Jafnframt urðu þá þingmenn úr stjórnarandstöðu formenn nokkurra nefnda. Þeirri skipan var síðan hætt.

Í kjölfar þessara breytinga var áfram rætt um nauðsyn þess að bæta umræðuhefðina í þinginu sem einkenndist af maraþonræðum þar sem lítil rökræða átti sér

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (erindi og greinar)

stað í þingsalnum. Stöðugir næturfundir og erfiðleikar við að skipuleggja þinghaldið voru áberandi. Langir þingfundir leiddu til þess að takmarkaður tími gafst til vinnu í nefndum og hið mikilvæga starf þingmanna í kjördæmunum á milli þingfunda var ómarkvisst og lítt skipulagt sem ég og margir aðrir töldum mikinn galla. Þrasið og ómálefnalegar og harðar deilur settu leiðinlegan svip á allt þinghaldið og báru ekki vott um góða eða þróaða stjórnmalamenningu.

Um mitt kjörtímabilið 1995-1999, er Ólafur G. Einarsson var forseti Alþingis, hófst skipuleg vinna við endurskoðun þingskapa á vettvangi forsætisnefndar. Þetta starf bar þann árangur að eftir áramótin 1998-1999 var lagt fram frumvarp um gagngerar breytingar á þingsköpum Alþingis. Að því stóð öll forsætisnefnd þingsins. Þingflokksformenn sem að málinu unnu studdu það líka, en tveir þeirra, þáverandi formaður þingflokks Alþýðubandalagsins, Svavar Gestsson, og þáverandi formaður þingflokks sjálfstæðismanna, Geir H. Haarde, skipuðu um tíma eins konar undirnefnd til þess að gera drög að ýmsum ákvæðum í frumvarpinu. Að þessu vék raunar Svavar Gestsson í kveðjuræðu sinni á þinginu þetta vor en þar sagði hann m.a.:

„Þingið er að mörgu leyti mun sterkara en það var fyrir þeim 20 árum sem liðin eru frá því að ég tók sæti í þessari stofnun, tvímælalaust. Ég tel að þingið sé að styrkjast og er sáttur við það að hafa átt aðild að því að skrifa niður ásamt ýmsum góðum mönnum — ég leyfi mér að nefna hæstv. núverandi fjármálaráðherra“ — [þ.e. Geir H. Haarde] „dálftið af þeim textum sem nú liggja fyrir varðandi breytingar á lögum um þingsköp Alþingis. Ég tel að þessir hlutir séu í jákvæðri, skynsamlegri þróun í þá átt að styrkja þingræðið.“

Frumvarpið var stöðvað

Frumvarp þetta, sem var að mörgu leyti mjög róttækt, náði ekki fram að ganga. Miklar hræringar voru þennan vetur í stjórnmalum, þingflokkar klofnuðu eða sameinuðust, en nýr þingflokkur óháðra, undir forustu Steingríms J. Sigfússonar og Ögmundar Jónassonar, lagðist algerlega gegn frumvarpinu og á þeim stutta tíma sem til stefnu var fram að kosningum 1999 tókst ekki að afgreiða frumvarpið.

Ég og margir fleiri bundum vonir við það að takast mætti að ná sáttum um breytingar á þingsköpum Alþingis þegar nýtt þing kom saman eftir kosningar 1999. Af því varð hins vegar ekki og umræðuhættir á Alþingi voru óbreyttir þar sem stjórnarandstaðan taldi styrk sinn felast í mörgum ræðum og löngum og stjórnarliðið beitti afli sínu í krafti þingstyrksins til þess að afgreiða málin oft á löngum næturfundum sem var ekki til þess fallið að auka virðingu Alþingis. Einhverra hluta vegna beitti Halldór Blöndal sér ekki í forsetatíð sinni fyrir breytingum á skipulagi þingsins. Forveri minni í embætti, Sólveig Pétursdóttir, lagði sig mjög fram um að ná samkomulagi um breytingar á þingsköpum, en ekki

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (erindi og greinar)

náðist samstaða þingflokka um önnur atriði en þau sem kalla mætti „tækni-
legar breytingar“ og þau voru raunar að mestu tekin upp úr frumvarpinu frá 1999.
Ég skildi niðurstöðu þess máls þannig að það hafi þó komið til álitna að breyta
reglum um ræðutíma ef unnt væri að setja þær breytingar í stærra samhengi, fá
ráðherra að borðinu vegna þingeftirlits, bæta aðstöðu stjórnarandstöðunnar, ekki
síst í nefndum, og fá til þess aukið fé. Þannig var staðan í þinginu í lok kjörtíma-
bilsins vorið 2007.

Breytingar undirbúnar árið 2007

Þegar ég var kjörinn forseti Alþingis að afloknum alþingiskosningum vorið 2007
eftir að Sjálfstæðisflokkurinn hafði myndað ríkisstjórn með Samfylkingunni
flutti ég ávarp við þingsetninguna. Í því ávarpi lagði ég að nokkru línur um þær
breytingar sem ég vildi gera á þinginu. Í ávarpinu sagði ég m.a.

*„Ég lít svo á að það sé meginblutverk Alþingis að sjá um að löggjafarstörfin,
sem eru meginþjálfing þingbaldsins, fari fram samkvæmt þeim reglum sem
stjórnarskrá og þingsköp mæla fyrir um og svo sé búið að Alþingi og alþingis-
mönnum að viðhlítandi sé. Til þingsins og okkar alþingismanna eru gerðar
miklar kröfur en til þess að við þeim megi verða þarf öll aðstaða og starfskjör
að vera eins og best verður á kosid.*

*Þótt saga þjóðarinnar sé nær okkur á Alþingi en víðast hvar annars staðar í
þessu landi og þann merka arf eigi að heiðra og rækta verðum við þó ávallt að
fylgja þróuninni og búa þeim fulltrúum sem hingað eru kjörnir jafngott
starfsambverfi og almennt tíðkast í samfélaginu. Þannig hlýtur það m.a. að
vera eitt aðalviðfangsefni þeirrar forustu sem nú verður kosin á Alþingi að
leggja drög til frambúðar um aðstöðu þingsins á Alþingisreitnum og undirbúa
þær framkvæmdir sem þar eru nauðsynlegar.*

*Vinsælt er að kanna skoðanir fólks og viðhorf til ýmissa hluta, þar á meðal til
Alþingis. Þar kemur fram að staða þingsins í huga landsmanna er ekki
nægilega traust. Ég tel raunar að það sé vandasamt að túlka þær niðurstöður
sem fyrir liggja um þetta efni og þar geti deilur um grundvallaratriði stjórn-
málanna mótað þá mynd af Alþingi og að það hafi galdið fyrir í hugum
almennings. Eigi að síður tel ég að umræðuhættir á Alþingi eigi hér nokkra
sök en það er sá þáttur þingstarfanna sem er sýnilegastur okkur. Ég hvet til
þess að við öll tökum saman höndum og bætum hér um. Það á að vera blutverk
okkar að setja þann svip á löggjafarsamkomuna að hún njóti virðingar með
þjóðinni og hafi trúverðuleika. Sem betur fer hafa kosningarannsóknir sýnt að
ábugi á stjórnmalum virðist ekki minnka meðal þjóðarinnar þrátt fyrir
neikvæðar umræður og misvísandi mynd sem oft er gefin af starfi stjórnála-
manna.*

*Það er þrálátt viðhorf að sterk stjórnarandstaða feli það í sér að halda margar
ræður og langar í þinginu. Ég held að tími sé kominn til að endurskoða skipu-*

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (erindi og greinar)

lag umræðu um þingmál. Alþingi er einn meginveitvangur stjórnarandstöðunnar í hinu pólitíska starfi. Hún þarf því, hver sem hana skipar hverju sinni, á því að halda að þingið hafi sterka stöðu, það njóti trausts og að vel sé að því búð, þannig að málflutningur stjórnarandstöðu og hið mikilvæga aðhaldshlutverk hennar fái þann búning og styrk sem bestur kostur er á. Ég er ekki að kalla eftir styttri umræðum heldur skýrari skoðanaskiptum, betra skipulagi og betri undirbúningi umræðna en oft hefur verið.

Með sama hætti þarf ríkisstjórnin og þingflokkar stjórnarflokkanna að skipuleggja starf sitt þannig að nefndir þingsins fái það svigrúm til starfa sem nauðsyn krefur svo vanda megi alla málsmeðferð á Alþingi og skapa edlilegt rými fyrir umræður. Umræður á Alþingi um mál eru lykll að umræðum í þjóðfélaginu og því geysilega mikilvægar. Við þurfum að gera meiri kröfur til okkar sjálfra í þessum efnum en verið hefur um sinn. Að þessu vil ég vinna sem forseti í eins góðri sátt við þingmenn og kostur er, úr hvaða þingflokki sem þeir eru.

Nú er að hefjast annað kjörtímabilið eftir að kjördæmaskipan var breytt. Þeir þingmenn sem sátu á Alþingi síðasta kjörtímabil og höfðu áður unnið í gömlu kjördæmunum geta talað af reynslu af því að starfa í kjördæmunum eftir þá miklu breytingu.

Öllum má ljóst vera að aðstæður þingmanna til að rækja hlutverk sitt eru mjög ólíkar. Þingmenn í Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi búa við þær aðstæður að ferðast hundruð kílómetra til þess að komast milli kjördæmamárga og sinna edlilegri og nauðsynlegri vinnu sinni við að halda tengslum og skynja og skilja kjör og aðstæður íbúanna og halda þeirri pólitísku tengingu við kjósendur sem nauðsynleg er.

Í þessum þremur landstóru kjördæmum er mest af náttúruauðlindum þjóðarinnar nýtt af íbúunum sem eiga allt undir sól og regni og því að löggjöf og allar aðstæður til búsetu séu hagstæðar og að þingmenn viðkomandi kjördæma skynji og skilji aðstæður fólksins. Það verður ekki gert nema með því að þingmönnum verði sköpuð betri skilyrði til þess að rækja hlutverk sitt gagnvart hinum dreifðu byggðum.

Ég tel það eitt af mikilvægustu verkefnum forsætisnefndar Alþingis á næstunni að efna til umræðu og standa fyrir úrbótum sem stuðlað geta að því að þingmönnum þessara þriggja kjördæma verði skapaðar hagfelldari aðstæður til að gegna hlutverki sínu við að halda tengslum við íbúa kjördæmanna og tryggja þannig hagsmuni fólksins. Það væri óbeillavænleg þróun ef íbúar dreifbýlisins teldu sinn blut sitja eftir vegna þess að þingmenn hafi ekki starfsaðstöðu og geti ekki sinnt samráði og haldið sambandi við kjósendur.“

Í þessari ræðu lagði ég línur um þær breytingar sem ég vildi beita mér fyrir sem forseti Alþingis og hafði mikla sannfæringu fyrir því að þær ættu að ná fram að ganga til þess að efla þingið og auka virðingu almennings gagnvart störfum þingmanna.

Stjórnmal og stjórnsýsla vefþimarit (erindi og greinar)

Breytingum hrundið í framkvæmd

Strax um sumarið 2007 hóf ég vinnu við að koma fram breytingum og lagði fyrir forsætisnefnd Alþingis annars vegar tillögu um breytingar á lögum um þingsköp Alþingis og hins vegar um bættar starfsaðstöðu stjórnarandstöðunnar og tillögur um bættar aðstöðu þingmanna dreifbýliskjördæmanna. Þær breytingar voru í samræmi við ákvarðanir sem teknar voru í tengslum við kjördæmabreytinguna sem tók gildi árið 2003.

Eftir þá vinnu sem fór fram um sumarið 2007, svo umræður í forsætisnefnd vék ég að bættari aðstöðu þingmanna og betri starfsháttum þingsins í ávarpi við þingsetningu haustið 2007. Í ræðunni sem má lesa í þingtíðindum sagði ég m.a. :

- 1.) ... „Eigi að síður tel ég að umræðubættir á Alþingi eigi hér nokkra sök en það er sá þáttur þingstarfanna sem er sýnilegastur okkur. Ég hvet til þess að við öll tökum saman höndum og bætum hér um. Það á að vera blutverk okkar að setja þann svið á löggjafarsamkomuna að hún njóti virðingar með þjóðinni og hafi trúverðugleika.“
- 2.) ... „Það er þrálátt viðhorf að sterk stjórnarandstaða feli það í sér að halda margar ræður og langar í þessum sal. Ég held að tími sé kominn til að endurskoða skipulag umræðu um þingmál. Alþingi er einn meginvettvangur stjórnarandstöðunnar í binu pólitíska starfi. Hún þarf því, hver sem hana skipar hverju sinni, á því að halda að þingið hafi sterka stöðu, það njóti trausts og að vel sé að því búð, þannig að málflutningur stjórnarandstöðu og hið mikilvæga aðbaldsblutverk hennar fái hér þann búning og styrk sem bestur kostur er á. Ég er ekki að kalla eftir styttri umræðum heldur skýrari skoðanaskiptum, betra skipulagi og betri undirbúningi umræðna en oft hefur verið.“
- 3.) ... „Að þessu hef ég unnið í sumar og mótað tillögur í þeim efnum með góðum stuðningi forsætisnefndar. Ég hef rætt við formenn stjórnmalaflokkanna og formenn þingflokka-anna og kynnt þeim hugmyndir mínar um bættar starfsþætti þingsins. Ég hef haft að leiðarljósi að Alþingi njóti virðingar með þjóðinni og starfsþættir þingsins skapi trúverðugleika. Í viðræðum okkar í sumar hafa fjölmörg atriði verið rædd en það sem ég hef einkum lagt áberlu á lýtur að starfstíma þingsins, umræðuforminu á þinginu, starfi fastanefnda og starfsaðstöðu þingmanna.“
- 4.) ... „Annað meginatriði í þeim hugmyndum sem ég hef sett fram er nýr rammi við umræður um þingmál á Alþingi. Hér hef ég í huga að gera umræður markvissari og snarpari en nú er, en draga úr löngum ræðum og fá þannig betur fram mismunandi sjónarmið þingflokka og þingmanna til mála.“

Eftir ítarlega umfjöllun forsætisnefndar um haustið 2007 var ákveðið að leita eftir samstöðu allra þingflokka um að bera fram frumvarp sem fæli í sér umfangsmiklar breytingar. Niðurstaðan varð sú að flutt var frumvarp sem naut stuðnings allra þingflokka nema Vinstri grænna. Steingrímur J. Sigfússon var ófánlegur til þess að ganga til samstarfs nema á sínum forsendum. Í honum virtist sitja óyfirstíganleg heift í garð okkar sjálfstæðismanna fyrir það að hafa myndað ríkisstjórn með Samfylkingunni en ekki þeim Vinstri grænum. Þessi afstaða hans var mjög áber-

Stjórnmal og stjórnsýsla vef tímarit (erindi og greinar)

andi og litaði öll samskipti í þinginu. Hún náði síðan hámarki í atgangi hans og þingmanna Vinstri grænna á Alþingi eftir að bankarnir hrundu og minnihlutastjórnin var mynduð. Heiftin og hatrið í garð sjálfstæðismanna blindaði honum sýn. Um það allt mætti skrifa sérstaklega. En honum tókst ekki að koma í veg fyrir að gerðar voru umfangsmiklar breytingar á þinginu.

Breytt þingskapalög samþykkt

Þeir sem fluttu frumvarp til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis haustið 2007 voru auk mín þau Arnbjörg Sveinsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Siv Friðleifsdóttir og Kristinn H. Gunnarsson. Hér var því um að ræða samstarf forseta Alþingis í nafni forsætisnefndar og formanna allra þingflokka nema Vinstri grænna. Vinstri grænir lögðust af mikilli heift gegn málinu og kvöddu gamla kerfið með því að tala klukkustundum saman og reyna þannig að koma í veg fyrir að stór meirihluti þingsins næði fram breytingum sem allir aðrir en Vinstri grænir voru sáttnir við. Beindu forustumenn Vinstri grænna einkum spjótum sínum að mér sem forseta Alþingis fyrir það að hafa náð að setta alla aðra en þingmenn VG við þær breytingar sem frumvarpið fól í sér.

Helstu breytingar

Eins og fyrr segir var frumvarpið afrakstur starfs sem hafði farið fram sumarið og haustið 2007 á vegum forseta Alþingis í samstarfi við forsætisnefnd og formenn þingflokka. Þessi hópur þingmanna hafði unnið að því með reyndustu embættismönnum þingsins að móta ný vinnubrögð þingsins þannig að þau væru meira í samræmi við tíðaranda, þróun í öðrum þingum, kröfu um aukin þingeftirlit og tæknibreytingar síðustu ára. Ýmsar hugmyndir voru ræddar og reifaðar í forsætisnefnd og á fundum formanna þingflokka með forseta og var lögð rík áhersla á að halda því starfi áfram. Auðvitað var haft náið samstarf við formenn allra stjórnmalaflokkanna. Var litið á þetta frumvarp sem áfanga á leið sem átti að verða til þess að styrkja og efla þingið. Í greinargerð með frumvarpinu voru breytingarnar og meginmarkmið frumvarpsins skýrð eins og fram kemur hér:

Að lengja reglulegan starfstíma Alþingis.

Meginbreytingin felst í því að Alþingi hefji störf að hausti í byrjun septembermánaðar og að reglulegum þingstörfum ljúki ekki fyrr en í maílok (eða byrjun júní) að vori. Þingfundadögum verði ekki fjölgað, en þeir hafa að jafnaði verið um 100 á vetri, heldur verði gerð hlé á þingstörfum með reglubundnum hætti þannig að ýmist fái nefndir aukinn starfstíma eða þingmenn betri tíma til að sinna skyldum sínum í kjördæmi (nefndadögum og kjördæmadögum verði fjölgað). Samkomudagur Alþingis að lögum verður óbreyttur, 1. október, og störf Alþingis í september verða því framhald þess þings sem sat veturinn áður, en formleg setning nýs þings fer fram 1. október eins og áður.

Stjórnmal og stjórnsýsla vefþimarit (erindi og greinar)

Að efla eftirlitshlutverk þingsins.

Tækifæri þingmanna til að hafa eftirlit með störfum framkvæmdarvalds, þ.e. ráðherranna, er aukið margvíslega með frumvarpinu. Lengri starfstími Alþingis skiptir þar mestu máli. Enn fremur felst í frumvarpinu að minni hluti þingnefndar (þrjú nefndarmenn) getur óskað eftir því í þinghléum að ráðherra komi til fundar við nefndina. „Óundirbúnum fyrirspurnatímum“, sem hafa verið á dagskrá þingsins tvisvar sinnum í mánuði, verði fjölgað og verða þeir samkvæmt frumvarpinu tvisvar í viku hverri, en aðra fundadaga verður heimilt að kveðja sér hljóðs um „störf þingsins“. Þannig eiga þingmenn kost á því alla þingdaga að koma gagnrýni sinni á framfæri á vettvangi þingsins.

Að draga úr kvöld- og næturfundum.

Með frumvarpinu er stefnt að því að fækka kvöld- og næturfundum þannig að þeir heyri til undantekninga. Ef ekki eru sammæli milli þingflokka um að fundir standi fram á kvöld (eða nótt) til að ljúka ákveðnum málum þarf sérstakt samþykki þingsins til þess að svo verði.

Að ráðherrar komi oftár á fundi þingnefnda.

Stefnt er að því með frumvarpinu að tengsl nefnda Alþingis og ráðherranna aukist, svo sem er víða í öðrum þingum. Þannig er t.d. ákvæði um að ráðherrar kynni að hausti nefndum sem eru á málefnasviði þeirra þau mál sem þeir hyggjast leggja fram á því þingi sem þá er að hefjast.

Að gera umræður markvissari og styttri en verið hefur með nýjum reglum um ræðutíma.

Athyglisverðasta breytingin er án nokkurs vafa aukin áhersla á eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Hvað varðar skipulag umræðu í þinginu er meginbreytingin sú að í stað þess að tala eins lengi og þingmenn kjósa máttu þeir samkvæmt frumvarpinu tala eins oft og þeir vilja í afmarkaðan tíma hverju sinni. Flestar umræður á Alþingi eru með tímamörkum. Ýmist gilda þau um lengd hvernar ræðu eða um umræðuna í heild, svo og hve oft þingmenn mega tala. Svo hafði þó ekki verið um 2. og 3. umræðu um lagafrumvörp eða síðari umræðu um þingsályktunartillögur. Stefnt var að því að þessar mikilvægu umræður færðust í form sem er áþekkt þeim umræðum sem fara fram við 1. umræðu um lagafrumvörp, en tímamörk voru sett um þá umræðu fyrir nokkrum árum. Hefur ekki borið á óánægju með það umræðuform, og möguleiki þingflokka til að fá hana lengda, eins og heimilt er samkvæmt gildandi þingsköpum, var æ sjaldnar nýttur. Samkvæmt frumvarpinu hefur forseti síðan rúmar heimildir til að lengja ræðutíma ef mál eru óvenjuleg að umfangi eða sanngirnirök mæla með því. Enn fremur er hverjum þingflokki veitt heimild til þess, allt að tvívegis á hverju þingi, að fá ræðutíma við 2. umræðu um lagafrumvörp tvöfaldaðan ef mál er svo mikilvægt að hans mati að rýmri tíma þurfi til að ræða það.

Til hagræðis var reglum þingskapanna um ræðutíma skipað í eina grein (töflu) í stað þess að hafa þær á víð og dreif í lögunum.

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (erindi og greinar)

Samkomulag um bættar starfsaðstöðu

Samhliða breytingum á lögum um þingsköp Alþingis var samkomulag milli þingflokka, sem að því stóðu, um að bæta starfsaðstöðu þingmanna, ekki síst stjórnarandstöðuþingmanna, með ýmsum ráðum. Þeim fylgdu allnokkur fjárútlát og var breytingartillaga lögð fram við 2. umræðu um fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2008 til að mæta þeim.

Ráðstafanir til að bæta starfsaðstöðu þingmanna voru skýrðar svo sem hér segir:

Að aðstoða minnihluta í nefndum og efla eftirlitsblutverk nefnda.

Ráðnir þrír nýir nefndarritarar á nefndasvið skrifstofu Alþingis. Tveimur þeirra einkum ætlað að aðstoða minni hluta annarra nefnda en fjárlaganefndar en hinum þriðja að aðstoða sérstaklega fjárlaganefnd, einkum minni hluta hennar, meðan fjárlagaafgreiðsla stendur yfir á haustin, en síðan nefndina við eftirlits-hlutverk hennar við framkvæmd fjárlaga á vetrar- og vorþingum.

Að formenn stjórnarandstöðuflokka fái aðstoðarmenn.

Ráðnir aðstoðarmenn fyrir formenn stjórnarandstöðuflokka sem jafnframt eru alþingismenn. Þeir urðu þrír. Aðstoðarmennirnir verði starfsmenn skrifstofu Alþingis, en ráðnir eftir tillögu formanna flokkanna.

Að auka alþjóðasamstarf þingmanna.

Þingmenn fái aukin tækifæri til að fylgjast með framvindu Evrópumála og heimsækja í því skyni stofnanir ESB og EFTA, nefndir Evrópuþingsins og systurflokka í Evrópuþinginu. Enn fremur fái þingmenn úr stjórnarandstöðu aukið svigrúm til þátttöku í alþjóðlegu samstarfi á vegum alþjóðanefnda Alþingis.

Að bæta aðstöðu þingflokka.

Stefnt að því að færa ritaraþjónustu þingmanna, sem nú er á vegum skrifstofu þingsins, á forræði þingflokka þannig að þeir geti betur lagt þær áherslur í starfi sínu sem þeir kjósa. Stöðugildi eru átta. Alþingi greiddi áfram laun ritara og léti þeim í té starfsaðstöðu (eins og nú er) en ráðning þeirra væri eftir tillögu þingflokka.

Að þingmenn Norðvestur-, Norðaustur- og Suðurkjördæma fái bættar starfsaðstöðu með ráðningu aðstoðarmanna.

Í tengslum við kjördæmabreytinguna sem tók gildi árið 2003 þar sem kjördæmin voru stækkuð var rætt um að þingmenn Norðvestur-, Norðaustur- og Suðurkjördæma fengju sérstaka aðstoðarmenn (eða stöðuhlutfall aðstoðarmanns) með hliðsjón af því hve landstór þessi kjördæmi eru og erfið yfirferðar af þeim sökum. Niðurstaðan varð hins vegar sú á þeim tíma að fá stjórnmalaflokkunum fé til ráðstöfunar í þessu skyni, en ljóst er að það fé fer að mestu í almennan rekstur flokkanna. Því var nú lögð áhersla á að aðstoð við þingmenn þessara kjördæma verði bein (ekki í gegnum flokkana) og að sú aðstoð tengist hverjum og einum

Stjórnmal og stjórnsýsla vef tímarit (erindi og greinar)

Þingmanni sérstaklega en síðan sé það á valdi hvers þingmannahóps hvort hann sameinist um starfsmann. Þegar þessi ákvörðun lá fyrir beitti forseti sér fyrir því að settar voru nánari reglur um þessa framkvæmd, svo og fyrir breytingu á lögum um þingfararkaup og þingfararkostnað til að hafa traustan lagagrundvöll undir þessu fyrirkomulagi, enda er breytingin á starfsaðstöðu þingmanna að þessu leyti veigamikil.

Frumvarpið var samþykkt með minniháttar breytingum og samkomulagið um bættar starfsaðstöðu og fleira var staðfest með fjárlögum og sérstakri breytingu á lögum um þingfararkaup og þingfararkostnað. Þingmenn Vinstri grænna héldu andstöðu sinni til enda. Samt sem áður voru forustumenn þess þingflokks þeir fyrstu til þess að nýta sér þær hagsbætur sem fólust í breytingunum. Vert er að minna á að þingmaður sem mælti fyrir álitni minnihluta þeirrar þingnefndar sem fór með málið var Atli Gíslason og lagðist hann gegn þeim miklu breytingum sem m.a. fólu í sér auknar heimildir til eftirlits þingnefnda með framkvæmdarvaldinu. Hann varð síðar formaður hinnar sérstöku þingnefndar sem fjallaði um athugasemdir rannsóknarnefndar Alþingis. Ég tel raunar að rannsóknarnefnd Alþingis hafi láðst að geta þess að mikilvægar breytingar á starfsháttum þingsins voru komnar til framkvæmda með breytingum á lögum um þingið og með tillögum vinnuhópsins um eftirlit Alþingis sem verður getið nánar um hér síðar. Þótti mér miður að rannsóknarnefnd Alþingis skyldi ekki átta sig á því að búið var að gera þessar umfangsmiklu breytingar og leggja drög að því að styrkja eftirlit þingsins enn frekar.

Eftir að VG komst í stjórn var aðstoðarmannakerfi þingmanna nánast lagt af en aðstoðarmönnum fjölgað fyrir hvern ráðherra og meira að segja utanþingsráðherrar fengu leyfi til þess að ráða sér pólitíska aðstoðarmenn. Með þeim ákvörðunum var aftur hallað á þingið og þá þingmenn sem starfa í landstóru kjördæmunum. Menn hættu að tala um ráðherraræði á þeim bæjum.

Mælt fyrir frumvarpinu

Þegar ég mælti fyrir frumvarpinu á sínum tíma sagði ég m.a.:

„Ég rifja þessi atriði upp núna, svo og fyrri orð mín um þessi efni, svo að það sé algerlega ljóst að um mjög langan tíma, og með vaxandi þunga, hefur verið krafa um það meðal alþingismanna að starfsaðstaða þeirra verði bætt og umræðuforminu á þinginu breytt. Afstaða mín í því máli hefur líka verið skýr og þess vegna hófst ég banda um það um leið og ég tók við þessu embætti að vinna að breytingum á þingsköpum Alþingis.

Meginsjónarmið mitt í þessu verkefni hefur verið að ná fram viðtækum breytingum sem tækju til margra þátta, í fyrsta lagi starfs okkar í þessum sal, í öðru lagi starfs þingmanna í nefndum og í þriðja lagi starfs okkar úti í kjördæmunum.

Ég tel algerlega ljóst að breytingar á umræðuforminu hér í þingsalnum sé ein

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (erindi og greinar)

grundvallarforsenda fyrir því að bæta skipulag á vinnubrögðum í þinginu. Það eitt nægir að vísu ekki, en er forsenda margs annars. Það þarf jafnframt að auka gæði lögjafarstarfsins, efla eftirlitsblutverk þingsins og skipuleggja að öðru leyti störf alþingismanna miklu betur en verið hefur. Síðasta vor komu til starfa á Alþingi 24 nýir þingmenn. Flestir komu úr öðrum krefjandi störfum í samfélaginu. Margir þeirra hafa komið að máli við mig eða látið þá skoðum sína í ljósi opinberlega að þeir telji að töluvert skorti á að störfum hér á Alþingi sé skipað með þeim hætti sem hæfi samtíma okkar. Ég verð því miður að viðurkenna að þessi gagnrýni á töluverðan rétt á sér. Kröfjur til alþingismanna verða sífellt fleiri, ekki bara við þá vinnu sem fram fer á vettvangi þingsins, heldur ekki síður í kjördæmum, í alls konar félagslífi öðru, alþjóðlegu samstarfi o.s.frv. Þessu er ekki hægt að sinna svo að vit sé í nema eitthvert skipulag sé á hlutunum og að við getum séð fram í tímann í verkum okkar svo að ekki sé minnst á þann rétt alþingismanna, alveg eins og annars fólks, að fá tækifæri til að njóta eðlilegs fjölskyldulífs og tómstunda. Sú krafa er auðvitað vaxandi og breyttir þjóðfélagsbættir knýja þar æ fastar á. Það var nefnt á einum fundi af mörgum um undirbúning þessa frumvarps hvort ekki væri eðlilegast að þingið lyki störfum sínum kl. 5 síðdegis eins og flestar aðrar stofnanir í samfélaginu. Ja, því ekki? Kannski stígum við fyrsta skrefið í þá átt með þessu frumvarpi, en það er hvorki einfalt né auðvelt að koma þeirri stóru breytingu á að hægt verði að hætta hér kl. 5.

Það frumvarp sem hér er komið fram miðar að því að mæta þessum kröfum með einhverjum hætti. Mér er auðvitað ljóst að þetta er aðeins skref í áttina, enn eru mörg atriði í skipulagi okkar og störfum sem eftir er að fara vel í gegnum. Ég nefni þar sérstaklega nefndastarfið, skipulag þess og vinnubrögð, og fleira gæti ég nefnt.“

Síðar í ræðu minni sagði ég, er ég dró saman helstu atriði þess:

„Það hefur verið sagt að með þessum tillögum um ræðutíma sé verið að skerða málfrelsi þingmanna. Ekkert er fjær sanni. Ef eitthvað er tel ég að með þessu fyrirkomulagi sem lagt er til í frumvarpinu sé verið að auka málfrelsi þingmanna. Nú verða ekki takmarkanir á því hve oft menn geta tekið til máls við 2. umr. um lagafrumvörp og skipst á skoðunum við aðra þingmenn þótt vissulega verði á því tímatakmarkanir. Á Alþingi verður að ríkja gagnkvæm tillitssemi, eins og raunar alls staðar annars staðar í samfélagi okkar. Menn verða að sýna sanngirni og hafa hóf á blutum. Það fyrirkomulag sem við búum við hefur hvað eftir annað leitt til þess að þingmenn hafa þurft að taka sig af mælendaskrá vegna þess að aðrir þingmenn hafa verið svo frekir til tímans sem þeim hefur stadið til boða án takmarkana. Aðrir komast ekki að með sjónarmið sín fyrr en seint um kvöld eða að nóttu til og hafa þá stundum ekki aðstöðu til að tala eins og skipulagið er í dag. Ég tel því fremur að núverandi fyrirkomulag, eins og það hefur verið, skerði eðlilegt málfrelsi sem hér á að ríkja. Það á að vera

Stjórnmal og stjórnsýsla vefþimarit (erindi og greinar)

keppikefli okkar þingmanna að hafa þér snarþar, skipulegar og skemmtilegar umræður sem allir geta tekið þátt í sem vilja, umræður sem sýna þjóðinni og umþjóðendum okkar að þingmenn vandi sig og kunni vel til verka og það komi fram í rökræðum á þínu háa Alþingi.“

Bætt starfsaðstaða þingmanna

Samhliða breyttum þingsköpum og mikilvægur þáttur þessa máls var samkomulag milli þingflokka sem að því stóðu um að bæta starfsaðstöðu þingmanna, ekki síst stjórnarandstöðu þingmanna, með ýmsum ráðum. Mennt verða að hafa í huga að starfsumhverfi þingmanna er ekki allt skrifað í þingsköpin. Þar kemur margt fleira til, lögin um þingfararkaup og þingfararkostnað, hefðir og venjur sem skapast hafa í árána rás. Hér var því tekið á mörgum brýnum málum, að mínum dómi, en því er ekki að leyna að þeim fylgdu allnokkur fjárútlát.

Í tengslum við kjördæmabreytinguna árið 1999 sem tók gildi árið 2003 var rétt um að þingmenn Norðvestur-, Norðaustur- og Suðurkjördæma fengju aðstoðarmenn eða stöðuhlutfall aðstoðarmanns með hliðsjón af því hve stór þessi kjördæmi eru og hve erfitt það er fyrir þingmenn þessara kjördæma að sinna þeim svo að sómasamlegt sé. Niðurstaðan á sínum tíma varð hins vegar sú að fá stjórnmalaflokkunum fé til ráðstöfunar í því skyni. Þær breytingar sem gerðar voru að þessu sinni fólu það í sér að lögð var áhersla á að aðstoð við þingmenn þessara kjördæma væri bein, en færi ekki í gegnum flokkana, og að sú aðstoð tengist þannig hverjum og einum þingmanni sérstaklega í gegnum þingflokkan.

Aðrar mikilvægar breytingar

Ég fjallaði hér að framan almenn um baksvið og undirbúning þess frumvarps sem varð að lögum í desember 2007. Nokkur fleiri atrið voru í frumvarpinu sem lutu að samspili ráðherra og þingsins.

Í 2. gr. frumvarpsins var mikilvægt ákvæði um að þriðjungur nefndarmanna geti óskað eftir því að ráðherra komi á fundi nefnda í þinghléum, þ.e. í jólahléum, páskahléum og sumarhléum, en þó ekki frá 1. júlí til 10. ágúst. Með þessu móti er þingmönnum, og þá sérstaklega stjórnarandstöðu, gert kleift að sinna eftirlitshlutverki sínu jafnt á þingtíma sem í þinghléum.

Þetta ákvæði tengdist svo 3. gr. frumvarpsins en þar var lagt til að fagráðherrar skuli á fyrstu vikum þings koma á fund þingnefnda og gera grein fyrir þeim þingmálum sem þeir áætla að leggja fram á löggjafarþinginu. Með því verður staða nefndanna styrkt og tengslin við ráðherra viðkomandi málaflokks eflað sem ég tel mjög mikilvægt.

Þá er þess að geta að veitt var heimild fyrir því að halda opna fundi þingnefnda þar sem nefndir hafa kallað til fundar ráðherra og hefur þeim fundum verið sjónvarpað. Voru settar sérstakar reglur þar um í júní 2008 og aftur 14. janúar 2009. Var þessi nýbreytni mikilvægur liður í því að styrkja eftirlitshlutverk nefndanna.

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (erindi og greinar)

Í 15. gr. frumvarpsins var fjallað um samstarf forseta og formanna þingflokka og þær heimildir sem þeir hafa til að gera samkomulag um fyrirkomulag umræðna í einstökum málum þar sem vikið er frá reglum þingskapanna og settur rammi um umræðuna og lengd hennar. Slík vinnubrögð hafa tíðkast lengi og gefist vel. Í a-lið greinarinnar var það nýmæli að þegar slíkt samkomulag er gert sé ræðutíma að hálfu skipt jafnt milli þingflokka og að hálfu sé höfð hliðsjón af stærð þingflokka. Þingflokkar eru mjög misstórir og sú skipting milli þeirra sem verið hefur, þ.e. alveg jöfn skipting milli þeirra, hefur leitt til þess að þingmenn í stórum flokkum hafa haft minna tækifæri en þingmenn minni flokka til að taka þátt í umræðum. Ég tel því að þarna hafi verið jafnaður réttur þingmanna til þátttöku í umræðum sem skiptir mjög miklu máli.

Í lok framsöguræðu minnar fyrir frumvarpinu sagði ég:

„Við sem að þessu frumvarpi stöndum höfðum ráðgert að breytingar á þingsköpum gætu tekið gildi 1. janúar 2008. Ég vil hins vegar við upphaf þessarar umræðu láta það koma fram að það er út af fyrir sig ekkert aðalatriði í okkar huga og ef þingmenn vilja frekara ráðrúm til að fara yfir einstök ákvæði frumvarpsins í nefnd er að sjálfsgöðu gert ráð fyrir því. Það hefur dregist nokkuð að fá frumvarpið fram og tók að mínu áliti allt of langan tíma að ná fullri samstöðu um efni þess milli þingflokka. Því miður tókst ekki að ná þingflokki vinstri grænna að þessu frumvarpi og hlýt ég að harma það. Það eru vissulega vonbrigði en það getur ekki stöðvað endalaust framgang þessa máls, svo mjög sem meginþorri þingmanna kallar á breytingar á starfsháttum þingsins.“

Eins og sjá má hér að framan áttu breytingarnar á þingskapalögum 2007 sér langan aðdraganda og það var ekki þrautalaust að ná þeim fram. Hvað sem líður umræðunni nú um stundir sem markast mjög af hruninu þá var búið að gera breytingar og leggja grunn að breytingum til þess að þingið gæti bætt vinnulag sitt og árangur. Því er vert að halda til haga.

Eftirlitshlutverk Alþingis

Mikilvægur hluti þeirra breytinga sem unnið var að og varða úrbætur á störfum Alþingis var að styrkja eftirlitshlutverk þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Því verður ekki á móti mælt og það þekki ég vel sem fyrrverandi ráðherra að þingið hefur tæpast staðist framkvæmdarvaldinu snúning. Þar á ég bæði við hið pólitíska vald sem liggur hjá ráðherrum og ekki síður „vald“ embættismanna í Stjórnarráðinu þar sem margir líta á hlutverk sitt sem heilagt og hafið langt upp yfir hlutverk og störf þingmanna. Það var því eitt af þeim verkefnum sem ég taldi nauðsynlegt að takast á við þegar ég tók við sem forseti Alþingis að skerpa á eftirliti Alþingis.

Í ræðu minni í lok vorþingsins 2008 tók ég þetta upp og sagði m.a.:

Stjórnmal og stjórnsýsla vefþimarit (erindi og greinar)

„Þó að þingfundum sé nú frestað er fram undan áframbaldandi starf þingmanna í fastanefndum og í kjördæmum. Ég vænti þess að þingbléið nýttist vel uns þingfundir hefjast að nýju í september.

Mér virðist það vera almennt viðborf meðal alþingismanna að þær umbætur sem samþykktar voru á starfsbáttum og þingsköpum Alþingis í desember 2007 hafi verið farsælar þó að skiptar skoðanir kunni að vera um einstök atriði í fyrirkomulagi umræðna. Ég lít hins vegar svo á að þessar úrbætur séu aðeins fyrsti þáttur í frekari breytingum sem nauðsynlegt er að gera á starfsbáttum og starfsaðstöðu á Alþingi.

Einn veigamikill þáttur í þessu umbótaferli hefur verið að styrkja eftirlitsblutverk Alþingis. Ég tel að efla þurfi sérstaklega eftirlitsblutverk fastanefndanna og að opna eigi einstaka nefndarfundi fyrir fjölmiðlum og bagsmunaaðilum. Í því skyni lagði ég í lok apríl fyrir forsætisnefnd tillögur um opna nefndafundi og voru þær einróma samþykktar. Með þessari samþykkt forsætisnefndar hefur verið stigið mjög veigamikið skref sem á eftir að breyta ásýnd þingsins sem eftirlitsaðila með störfum framkvæmdarvaldsins. Nú er unnið að því að gera nauðsynlegar ráðstafanir svo fullnægjandi aðstaða verði fyrir nefndirnar til að halda opna nefndafundi.

Ástæða þess að ég legg svo mikla áherslu á eftirlitsblutverk Alþingis er sú eindregna skoðun mín að þingeftirlitið sé auk löggjafarstarfsins veigamesta blutverk Alþingis og leiðir það ekki síst af þeirri stöðu sem Alþingi hefur í okkar þingræðisskipan. Mér finnst edlilegt að fram fari heildarendurskoðun á þeim lagareglum sem gilda um þingeftirlitið. Ég hyggst því leggja fyrir forsætisnefnd tillögu um skipan nefndar sem fari yfir gildandi lagareglur, skoði álitaefni, rannsaki þá þróun sem orðið hefur í þessum efnum í nágrennalöndum okkar ekki síst á Norðurlöndum og skili síðan skýrslu til forsætisnefndar. Um þetta mál mun ég vitaskuld hafa náðið samstarf við forustu þingflokkanna.“

Þingeftirlitsnefndin skipuð

Strax eftir þingfrestun um vorið 2008 lagði ég fyrir forsætisnefnd tillögu um skipun vinnuhóps sem hæfi þá þegar vinnu við að gera tillögur um að styrkja alla þætti eftirlits Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Var tillagan um skipun vinnuhópsins samþykkt og var mikil eindrægni innan forsætisnefndar um það verklag. Störfum vinnuhópsins miðaði vel áfram og á alþjóðlegri ráðstefnu sem efnt var til 1. desember 2008 voru kallaðir til helstu sérfræðingar í stjórnskipunarrétti innlendir og erlendir og var ljóst á þeirri stundu að frumkvæði mitt með starfi vinnuhópsins í þessu máli var vel tekið. Vinnuhópurinn vann verk sitt hratt og vel og skilaði forsætisnefndinni umfangsmikill skýrslu árið 2009 sem nálgast má á vef þingsins.

Skýrsla vinnuhópsins ber heitið: *Eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Skýrsla vinnuhóps sem forsætisnefnd fól að fara yfir núgildandi lagareglur um eftirlit*

Stjórnsmál og stjórnsýsla veftímarit (erindi og greinar)

Þingsins með framkvæmdavaldinu og leggja mat á hvort breytinga sér þörf. Í formála skýrslunnar segir:

„Með samþykkt forsætisnefndar Alþingis frá því í júní 2008 var settur á laggirnar vinnuhópur þriggja sérfræðinga sem var falið að fara yfir núgildandi lagareglur um eftirlit þingsins með handhöfum framkvæmdarvalds og leggja mat á hvort breytinga sé þörf. Í vinnuhópnum voru skipuð Bryndís Hlöðversdóttir aðstoðarrektor, sem jafnframt er formaður hópsins, Andri Árnason hæstaréttarlögmaður og Ragnhildur Helgadóttir prófessor. Starfsmaður hópsins er Ásmundur Helgason, aðallögfræðingur Alþingis.

Vinnuhópnum er meðal annars ætlað að skoða ákvæði stjórnarskrárinna, sem lúta að eftirlitshlutverki þingsins, svo og ákvæði þingskapalaga, lög um ráðherraábyrgð og lög um landsdóm o.fl. Vinnuhópnum er jafnframt ætlað að fara yfir stjórnskipunarleg álitæfni í tengslum við eftirlitshlutverk þingsins og gera grein fyrir þeirri þróun sem orðið hefur á þessu sviði í nágrannalöndum. Vinnuhópnum er samkvæmt samþykkt forsætisnefndar meðal annars ætlað að taka eftirfarandi atriði til athugunar:

Hvaða almennu sjónarmið liggja til grundvallar eftirlitshlutverki þingsins með framkvæmdarvaldinu og hvers eðlis er þetta eftirlit að teknu tilliti til núgildandi reglna?

Er þörf á að setja skýrari reglur um upplýsingagjöf ráðherra til þingsins og skyldu hans til að svara erindum frá Alþingi?

Þarf að afmarka betur rétt þingmanna til fyrirspurna á Alþingi og rétt þeirra til að óska skýrslna ráðherra?

Þarf að skýra betur rétt þingnefnda til eftirlits með störfum framkvæmdarvaldsins?

Hvernig á þingið að meðhöndla mál þar sem fram koma ásakanir um brot ráðherra í starfi eða önnur atriði sem geta kallað á að hann standi þinginu reikningsskil athafna sinna eða aðgerðarleysis?

Er rétt að auka möguleika minni hluta þingmanna til eftirlits með störfum ráðherra?

Er þörf á skýrari reglum um ráðherraábyrgð með hliðsjón af kröfum um skýrleika refsheimilda?

Þarf að gera breytingar á málsmeðferð fyrir landsdómi í ljósi almennrar þróunar á sviði mannréttinda og réttarfars?

Er ástæða til að hafa áfram sérlög um ráðherraábyrgð og landsdóm og fela Alþingi ákærvald í málum þar sem reynir á refsíabyrgð ráðherra?

Hópurinn hefur leitast eftir föngum við að svara þessum spurningum forsætisnefndar, en ekki hefur þó verið hjá því komist að taka á ýmsum öðrum álitæfnum sem upp komu við vinnslu skýrslunnar. Þá er það alltaf álitamál við svo yfirgríps-

Stjórnsmál og stjórnsýsla vef tímarit (erindi og greinar)

mikið verk sem nefndin hafði með höndum að ákveða hverju skuli sleppa og augljóst að alltaf verður eitthvað út undan, sem æskilegt hefði verið að skoða. Hópurinn vill einkum taka fram að gagnlegt hefði verið að taka til skoðunar ábyrgð og skyldur embættismanna í tengslum við verkið, en ekki gafst til þess svigrúm á þeim tíma sem nefndin hafði til umráða. Það verkefni bíður síðari tíma.“

Nú blasir við að þau fyrirmæli sem vinnuhópurinn fékk frá forsætisnefnd vorið 2008 voru mjög þörf. Það hefði verið farsælla ef Alþingi hefði fengið næði til þess að ljúka þessu starfi áður en þjóðinni væri varpað út í straumröst kosninga og stjórnarskipta. Sú þróun hefur leitt til þess að engu af því sem vinnuhópurinn lagði til hefur verið hrint í framkvæmd.

Mikilvægum áfanga var náð

Hér að framan hef ég rakið þær breytingar sem gerðar voru á skipulagi og starfsháttum þingsins. Einnig hef ég rakið hvernig það var undirbúið á vettvangi forsætisnefndar Alþingis árin 2007 og 2008 að stórefla þingið á grundvelli hinnar sterku stjórnskipulegu stöðu Alþingis sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir. Í kjölfar skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið var kjörin sérstök þingnefnd til þess að fara yfir efni rannsóknarskýrslunnar og fylgja eftir þeim athugasemdum sem þar er að finna. Það er von mín að þeirri samþykkt Alþingis sem gerð var í kjölfarið verði fylgt eftir með athöfnum svo allar þær úrbætur sem unnið hefur verið að komist til framkvæmda. Það mun verða til hagsbóta fyrir þá sem starfa á Alþingis en einkum sjálfa þjóðina sem lifir og hrærist í skjóli lýðræðis á Íslandi. Með þeim breytingum á starfsháttum Alþingis sem þegar hafa tekið gildi er mikilvægum áfanga náð.

